

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

Environmental Protection Agency

Laugavegur 166, 150 Reykjavík, Ísland
Tel. +354 570 8800

Fax. +354 570 8801
E-mail: ust@ust.is

www.ust.is

© 2003 Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun
Ab. 10A
20 NOV. 2003
48.81
Tilv. UST20031000187

13. nóvember 2003

Tilvísun: UST20031000187/6á

Dýpkunarframkvæmdir í Vestmannaeyjum. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 27. október sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort dýpkunarframkvæmdir í Vestmannaeyjahöfn skuli háðar mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdalýsing

Fyrirhugað er að dýpka höfn og innsiglingu Vestmannaeyja. Dýpka á snúningssvæði sem er 210 m í þvermál á milli Básaskersbryggju og Friðhafnarbryggju að sunnan og Gjábakka að norðan niður á 8 metra dýpi. Einnig á að dýpka innsiglinguna frá austurenda Nausthamarsbryggju út fyrir Hörgeyrar- og Hringaskersgarð niður á 8,5 til 9 metra dýpi, of út á 9 metra dýpi við Heimaklett. Áætlað magn uppgraftrar vegna dýpkunarinnar er um 135.000 m³ og er flatarmál dýpkunarsvæðisins 65.780 m².

Fyrirhugaðir losunarstaður er á 35 metra dýpi u.þ.b. 3-400 metra austan við Ystaklett. Þar hafa grafskip losað efni úr höfninni í tugi ára, m.a. vegna dýpkunar hafnarinnar eftir gos. Grafskip Vestmannaeyjahafnar hafa losað þar upp að 15-20.000 m³ á ári. Jafnframt virðist ætlunin að losa hluta efnisins á losunarstað á 20-30 metra dýpi norðan Eiðisins.

Framkvæmdatími er áætlaður seinnipart sumar og fram eftir vetri.

Umhverfisáhrif

Aflað var upplýsinga varðandi mengunarhættu vegna losunar uppgraftrar af botni Vestmannaeyjahafnar og jafnframt voru gerðar botnsýnarannsóknir á fyrirhuguðum losunarstöðum austan við Ystaklett og norðan við Eiðið.

Mengun botnsets

Niðurstöður efnagreininga á botnseti úr Vestmannaeyjahöfn staðfesta að ekki er mengunarhætta af völdum eiturefna í setinu. Því telur stofnunin ekki líkur á að losun botnefnis úr Vestmannaeyjahöfn valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Botngerð og lífríki

Niðurstöður úr rannsóknum á botngerð og lífríki á losunarstöðunum benda til þess að botninn einkennist af misgrófum sandi, vikri, blágrýti og skeljamulningi á báðum stöðum. Staðirnir bera þess merki að um mikla strauma sé að ræða á svæðinu og því má ætla að botndýralíf þrífist þar illa vegna hreyfinga á steinum, vikri og

skelbrotum. Jafnframt má álykta að losun dýpkunarefnis á þessum stöðum í gegnum tíðina hafi sitt að segja um tegundafjölbreytni svæðisins. Báðar losunarstöðvar einkennast af lítilli tegundafjölbreytni og fáum einstaklingum innan hvernar tegundar. Ekki fundust neinar sjaldgæfar tegundir á svæðinu.

Það er mat Umhverfisstofnunar að í ljósi framangreindra niðurstaðna séu ekki líkur á því að losun á efni vegna framkvæmdarinnar á losunarstaði austan við Ystaklett og norðan við Eiðið muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Losunarstaðirnir bera merki fyrri athafna á svæðinu, þ.e. losunar dýpkunarefnis um árabíl. Stofnunin tekur undir niðurstöður Rannsóknarseturs Vestmannaeyja um að áhrif fyrirhugaðrar losunar á vistkerfi stöðvanna verði ekki mikil sökum tegundafábreytni og fárra einstaklinga innan hvernar tegundar. Losunin muni í versta falli seinka landnámi þeirra tegunda sem tileinka sér gróft set og þola hina sterku strauma á svæðunum.

Hljóðstig af völdum framkvæmda


Framkvæmdaraðili bendir á að nauðsynlegt verði að sprengja við dýpkunarframkvæmdir. Þó af þessu geti orðið talsvert ónæði telur stofnunin ljóst að ekki verði um umtalsverð umhverfisáhrif að ræða. Framkvæmdirnar eru tímabundnar og staðsettar á athafnasvæði. Stofnunin bendir þó á ákvæði reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða og leggur áherslu á að þess sé gætt að hljóðstig vegna framkvæmdanna haldist innan þeirra viðmiða sem þar koma fram.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar eru ekki líkur á að dýpkun Vestmannaeyjahafnar, eins og henni er lýst í tilkynningu framkvæmdaraðila, muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Stofnunin bendir á að vörpun dýpkunarefnis í hafið er háð leyfi Umhverfisstofnun sbr. 13 gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar.

Virðingarfyllst,


Olafur Árnason


Helgi Jónsson